

Íslandsmótið í Loftrifflí fór fram í Egilshöllinni í dag. Í kvennaflokki sigraði Jórunn Harðardóttir úr SR með 594,3 stig, Íris E. Einarsdóttir úr SR varð önnur með 592,2 stig og í þriðja sæti Aðalheiður L. Guðmundsdóttir með 551,0 stig. Í karlaflokki sigraði Valur Richter úr SÍ með 566,5 stig, Leifur Bremnes úr SÍ hafnaði í öðru sæti með 549,8 stig og Sigurbjörn J. Gunnarsson úr SR varð þriðji með 520,6 stig. Íslandsmeistari í flokki drengja varð Úlfar Sigurbjörnsson úr SR með 520,6 stig.

Í stúlknaflökki sigraði Sigurlína W. Magnúsdóttir úr SR með 582,3 stig sem jafnframt er nýtt Íslandsmet í stúlknaflökki. Karen Valsdóttir úr SÍ varð önnur með 287,1 stig. Í flokki fatlaðra varð Þór Þórhallsson úr SFK Íslandsmeistari. Í liðakeppninni sigraði A-sveit SR með 1.768,8 stig sem jafnframt er nýtt Íslandsmet, A-sveit SÍ varð önnur og í þriðja sæti hafnaði B-sveit SR með 1.559,1 stig. Jafnframt voru Íslandsmeistarar krýndir í hverjum flokki fyrir sig. Nánar á úrslitasíðu STÍ.